

## Viðauki 6. Búnaður og skipulag í bátum

Á myndinni hér fyrir neðan er sýnt eitt dæmi af skipulagi aðgerðar- og þvottaaðstöðu fyrir minni skip. Fyrst kemur fiskurinn í safnkar. Stærð þess ræðst af veiðiaðferðum og er það lítið fyrir handfæra- og línuveiðar en aftur á móti stórt fyrir togveiðiskip og dragnótarbáta til að hægt sé að losa úr pokanum í það. Safnkar er hægt að hólfa og geyma fiskinn lifandi í öðru hólfinu á meðan verið er að gera að fiski í hinu. Við aðgerð er lúga opnuð á karinu og fiskur látinn renna niður á aðgerðarborð þar sem hann er blóðgaður og slægður. Eftir aðgerð fer fiskurinn í hólfskipt þvottakar. Í fyrra karinu er forþvottur og í því seinna eftirþvottur þar sem einnig er hægt að setja á kælingu t.d. með því að dæla ísþykkni eða ískrapa í karið.

Mikilvægt er að fiskur fari sem fyrst í kælingu og ef þvottakerfið hefur ekki undan þegar vel veiðist er hægt að blóðga beint í kar með fljótandi ís. Þegar um hægist er fiskurinn slægður, þveginn og ísaður.


Hjá dagróðrabátum er heimilt að hafa allt að 3% ís með fiski. Ef ísprósentan er hærri kemur það fram sem afli og umfram ísinn er þá dregin af kvóta. Til að tryggja góða kælingu, og að ekki sé of mikill ís, þarf að vanda til verka við ísunina. Í dagróðrabátum er hentugt að kæla fiskinn með fljótandi ís, þ.e.a.s. ískrapa eða ísþykkni. Við ísun er ágætt að miða við að vökvi og ís sé 20-30% og hlutfall íss í vökva fer þá eftir einangrun lestarinnar því hve mikið þarf að kæla fiskinn (kaflí 7).



Fiskur skal ekki liggja í sólbæði á dekki.  
Honum skal strax komið í kælingu niður í lest.



Fiskur af dagróðrabátum er úrvals-hráefni  
ef hann fær rétta meðhöndlun.



Aðgerðar- og þvottabúnaður fyrir minni skip.